

inn kveða upp úrskurð sinn innan 7 daga frá því að dómendur hafa verið tilnefndir og dómurinn þannig fullskipaður. Dómurinn skal ákveða, að ráðningarkjör þau, sem hann úrskurðar, skuli gilda frá því að stýrimenn hefja vinnu á skipunum á ný. Dómurinn skal afla sér upplýsinga hjá sáttasemjara ríkisins í vinnudeilum um kröfur og tilboð deiluaðilja. Hvorugum aðilja má dómurinn dæma frekari rétt en hann hefir gert kröfur til fyrir sáttasemjara, þó þannig, að stýrimenn sæti ekki lakari kjörum en segir í samningi þeim, er síðast gildi. 39 6. maí

6. gr.

Úrskurður gerðardómsins vikur fyrir löglega gerðum samningi milli deiluaðilja á hvaða tíma sem er.

7. gr.

Allur gerðardómskostnaður greiðist úr rikissjóði.

8. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sér að hegða.

Gjört á Sorgenfrihöll, 6. maí 1938.

Undir Vor konunglega hönd og innsigli.

Christian R.

(L. S.)

Hermann Jónasson.

KONUNGSBRÉF

um þingsuppsögn.

40

11. maí

Vér Christian hinn Tíundi, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur, Vinda og Gauta, hertogi í Slésvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þéttmerski, Láenberg og Aldinborg.

Gjörum kunnugt: Að Vér viljum hér með veita yður sem Vorum forsætisráðherra umboð til þess í Voru nafni að segja Alþingi slitið þegar það hefir lokið störfum sínum nú bráðlega.

Gjört á Amaliuborg, 11. maí 1938.

Undir Vor konunglega hönd og innsigli.

Christian R.

(L. S.)

Hermann Jónasson.